

GULLPENSILLINN  
THE GOLDEN BRUSH



GULLPENSILLINN  
THE GOLDEN BRUSH



Fyrsta röð, talið f.v.: Helgi Þorgils Friðjónsson, Jón Bergmann Kjartansson Ransu, Sigríður Ólafsdóttir, Jóhann L. Torfason. Miðröð: Sigurður Árni Sigurðsson, Porri Hringsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Birgir Snæbjörn Birgisson, Kristín Gunnlaugsdóttir. Aftasta röð: Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Daði Guðbjörnsson, Hallgrímur Helgason.

# GULLPENSILLINN

## *THE GOLDEN BRUSH*

BIRGIR SNÆBJÖRN BIRGISSON,  
DADI GUÐBJÖRNSSON,  
EGGERT PÉTURSSON,  
GEORG GUÐNI HAUSSON,  
HALLGRÍMUR HELGASON,  
HELGI ÞORGILS FRIÐJÓNSSON,  
INGA ÞÓREY JÓHANNSDÓTTIR,  
JÓHANN L. TORFASON,  
JÓN BERGMANN KJARTANSSON RANSU,  
KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR,  
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR,  
SIGTRYGGUR BJARNI BALDVINSSON,  
SIGURÐUR ÁRNI SIGURÐSSON,  
ÞORRI HRINGSSON

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

JANÚAR – MARS 2001



## „Málverkið er dautt – eða hvað?“

*„Málverk er gert úr þremur meginþáttum, sem við segjum að sé teiknun, mótun forma og litun.“*

*Piero della Francesca, De Prospectiva Pingendi (c. 1480-90)*

Það kann að vera að hin tæknilega skilgreining málverksins sé einföld: að í því sé að finna samspil lína, forma og lita. En þar með er ekki einu sinni hálf sagan sögð, því listamenn hafa í gegnum aldirnar galdrað undursamleg stórvirki úr þessum einfalda efniviði. Málverk hafa markað framþróun menningarsamfélaga, og oft verið einn helsti vitnisburður um það besta og göfugasta, sem mannkynið hefur getið af sér.

Hvernig má slíkt vera? Málverkið er í eðli sínu fölsun raunveruleikans, misgóð eftirmynd hans eða myndbirting á hugarórum, þar sem búin er til ímynd, sem oftast en ekki á sér enga stoð í efnisheiminum utan þess flatar, sem hún birtist á. Hvað er svona merkilegt við eftirmyndir, falsanir og hugaróra?

Um gildi málverksins hafa verið skrifaðar þykkar bækur á ýmsum tímum, bæði af þeim sem þykir mikið til þess koma, sem og þeim sem telja málverkið úrelt listform, en sú umræða fór vaxandi eftir því sem leið á 20. öldina. Vægi lofs og lasts hefur sveiflast til, þannig að jafnvel er hægt að gera könnun á listþróun á öldinni út frá því áliti sem málverkið hefur verið í á hverjum tíma.

Þeir sem mála telja sér það nauðsynlegt. Jackson Pollock sagði í viðtali skömmu fyrir dauða sinn árið 1956: „Að mála er að finna sjálfan sig. Allir góðir listmálarar mála það sem þeir eru.“<sup>1</sup>

Aðrir hafa látið sér fátt um finnast. Marcel Duchamp, sem sjálfur hætti að mála 1918 en telst þrátt fyrir það einn merkasti myndlistarmaður 20. aldar, sagði einfaldlega að listmálarar sæktust eftir „vímu terpentínunnar.“<sup>2</sup> Jafnvel listmálararnir sjálfir eiga það til að efast; Francis Bacon, einn merkasti listmálari Breta á öldinni, lét hafa eftir sér í viðtali að listmálun væri „viðfangsefni gamalmennis.“<sup>3</sup>



Á Íslandi átti málverkið miklu fylgi að fagna mestalla 20. öldina, og í raun má segja að myndlist þjóðarinnar hafi verið skilgreind út frá því. Upphafið var í málverkinu (hjá Þórarni B. Þorlákssyni), og framhaldið ekki síður (hjá Ásgrími Jónssyni, Jóni Stefánssyni og Jóhannesi S. Kjarval). Næstu kynslóðir myndlistamanna voru upp til hópa skipaðar listmálurum, þó nokkrir myndhöggvarar kæmu einnig til sögunnar, og gegndu að sjálfsögðu ákveðnu hlutverki í þróun listarinnar.

Málverkið var þó ótvírætt hinn drottnandi miðill myndlistarinnar hér á landi langt fram á síðari hluta aldarinnar. Jafnvel þegar alþjóðlegur módernismi í myndlist skaut loks rótum á Íslandi á sjötta áratugnum og umbylti listalífinu var það fyrst og fremst fyrir tilstilli afstrakt-málverksins, sem síðan réði ríkjum í myndlistinni um langa hríð.

Með næstu byltingu í myndlistinni hér á landi á síðari hluta sjöunda áratugarins spruttu fram ný viðhorf. Með nýju fólki kom nýr tjáningarmáti, ný framsetning og nýtt athafnafrelsi, sem listafólk notfærði sér til hins ítrasta. Hugmyndalist, Flúxus, Arte Povera - listastefnurnar voru af ýmsu tagi. Gjörningar, innsetningar, uppákomur, „tilbúin verk“ (ready-mades), líkamslísta, landlísta, höggmyndir – hin listræna sýn var tjáð með fjölbreyttari hætti en nokkru sinni fyrr.

Málverkið var ekki meðal þeirra miðla sem nutu velgengni í myndlistinni á þessum tíma. Þvert á móti var það nefnt sem dæmi hins hefðbundna og úrelta, og á ýmsan hátt gert að skotspón hinna nýju listhreyfinga. Ítrekað mátti heyra því haldið fram á áttunda áratugnum, oft af miklum ákafa: „Málverkið er dautt!“ Þessi fullyrðing hefur ómað reglulega æ síðan, sett fram af ólíkum aðilum af ólíkum tilefnum.

Það er vert að hafa í huga að listaskólar endurspegla helst það sem er að gerjast í listinni í eigin samtíma. Því er eðlilegt að ætla að frá þessum tíma hafi nám í slíkum skólum markast mjög af nýjum anda, sem var andsnúinn málverkinu, og hélt fram nýjum miðlum í þess stað. Slík þróun er eðlileg og raunar nauðsynleg. Kóngurinn er dauður, lengi lifi kóngurinn - hin eilífa hringrás er forsenda nauðsynlegrar endurnýjunar, líka innan listaskólanna.

Það er einkenni hins nýja á hverjum tíma að hafna því sem fyrir er, og á þessum árum hlaut málverkið því að verða fyrir þeirri uppreisn sem eðlileg var. Ástæðan er í raun tvíþætt - og klofin: Annars vegar einlæg trú á nýjum miðlum, sem viðkomandi taldi að gæti komið alfarið í stað málverksins – og hins vegar óljós grunur um að málverkið ætti eftir að halda velli þrátt fyrir alla andstöðu, og því væri eins gott að kveða hraustlega að.

Þegar litið er aftur til síðustu þriggja áratuga 20. aldarinnar kemur í ljós að sá



grunur hefur einmitt reynst réttur. Þrátt fyrir mótlætið sem málverkið varð fyrir var ætíð ljóst að það mundi halda velli sem virkur miðill í myndlistinni. Málverkið er einfaldlega of sterkur listmiðill til að hverfa, þar sem það myndar „brú á milli hugsunar listmálarans og áhorfandans,“<sup>4</sup> svo vitnað sé til orða Eugéne Delacroix.

Á áttunda áratugnum blómstraði málverkið af nýjum krafti fyrir tilstilli hóps af yngri kynslóð listamanna (Gunnars Arnar Gunnarssonar, Einars Hákonarsonar, Magnúsar Kjartanssonar, Sigurðar Örlygssonar o.fl.), auk þess sem eldri listamenn héldu tryggð við miðilinn og þróuðu áfram verk sín á þessum vettvangi.

Með hinu svonefnda „nýja málverki“ kom fram enn nýr hópur listmálara í upphafi níunda áratugarins. Meðal þeirra má telja ýmsa sem hafa verið í framvarðasveit málverksins alla tíð síðan, t.d. Helga Þorgils Friðjónsson, Daða Guðbjörnsson, Jón Axel Björnsson og Jón Óskar Hafsteinsson.

Á síðasta áratug aldarinnar bættust enn fleiri í hóp listmálara, þrátt fyrir að andstreymið hafi áfram verið til staðar. Hin eilífa hringrás hefur gert málverkið að marktækum miðli í myndlistinni á ný, en ef til vill á forsendum og með tjáningarhætti, sem hefði komið listmálurum á óvart nokkrum áratugum áður.

Málverkið er því alls ekki dautt – eða hvað?

Nú er kominn á vettvang hópur listmálara, sem kallar sig því litríka nafni „Gullpensillinn“, og fyrsta samsýning þeirra fer nú fram í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum. Þessi hópur er um sumt frábrugðinn fyrri flokkum listmálara, en skyldleikinn er ljósari á öðrum sviðum.

– Hópin skipa 14 listamenn; þetta eru þau Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Hallgrímur Helgason, Helgi Þorgils Friðjónsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Jóhann L. Torfason, Jón Bergmann Kjartansson Ransu, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Þorri Hringsson.

– Allt er þetta listafólk börn lýðveldisins, en aldursforsetinn á enn þrjú ár í fimm-tugt (f. 1953) en hinn yngsti er ári yngri en íslenska sjónvarpið (f. 1967). Því má gera ráð fyrir að einstaklingar í þessum hóp eigi eftir að vera virkir þátttakendur á lista-vettvangi langt inn á 21. öldina.

– Allir þessir listamenn stunduðu sitt listnám á tímum þegar hugmyndalistin og fjölbreytni miðla í myndlistinni var í öndvegi námsskrárinnar við flesta listaskóla í

Evrópu. Engu að síður tjá þau sig nú fyrst og fremst í málverkinu, og einkum í myndmáli sem byggir á hlutveruleikanum í einu eða öðru formi – algjörlega andstætt því sem vænta mætti miðað við það nám sem að baki býr.

Málverkið er því alls ekki dautt, og má raunar líta á endurnýjaðan kraft þess og sköpunarmátt í upphafi 21. aldarinnar sem ákveðna en eðlilega uppreisn gagnvart þeirri myndlist sem hæst hefur borið síðustu áratugi. Þessi síðasta umbylting í listinni hefur hins vegar farið hljótt, og henni hafa ekki fylgt neinar stórar yfirlýsingar.

Þær verða ekki skrifaðar hér – það er verkefni síðari tíma. Nú er vert að njóta málverksins eins og það kemur fyrir frá hendi meðlima „Gullpensilsins“, og minnst orða Jackson Pollock: „*Að mála er að vera til.*“<sup>5</sup>

#### Tilvitnanir:

- 1) O'Connor: *Jackson Pollock*, 1967
- 2) Richter: *Dada: art and anti-art*, 1964
- 3) *The Observer*, 1985
- 4) *Journal*, 1850
- 5) Viðtal við Selden Rodman, 1956

## Bréf til blaðsins

flestir kannast við afa minn  
aðalstein bergmann eða alla í peningunum  
eins og hann var kallaður  
af félögum sínum hjá borgargjaldkera

hann var vel liðinn í starfi  
og hlaut gullmerki starfsmannafélagsins  
þegar langri starfsævi lauk  
farsællega í þjónustu borgarbúa

þegar alli afi dó í sumar  
kviknaði sú hugmynd hjá okkur barnabörnunum  
að heiðra minningu hans  
og nú á dögumum héldum við málverkasýningu

öll verkin voru eftir hann  
en alli afi skildi eftir sig fjölda málverka á loftinu  
þar sem hann sinnti listinni  
þegar frí gafst frá ábyrgðarstörfum fyrir borgina

í hugum okkar allra  
lífir minningin um afa í málarasloppnum  
með palettu og pensil  
á kassa með höfuðið út um þakgluggann

þaðan sá hann fjallið  
sem á sérstakan sess í hjörtum reykvíkinga  
eina viðfangsefni sitt  
sjálfa esjuna í öllum sínum margbreytileika

annað snerti afa minn ekki  
og á sýningunni voru á fjórða hundrað verka  
unnin í olíu vatnsliti túsk  
ásamt blýantsskissum og einni kolateikningu

dagurinn rann upp  
gestir komu víða af höfuðborgarsvæðinu  
ungir sem gamlir  
þar á meðal þrír fyrrverandi borgarstjórar

átta verk seldust  
og keypti borgargjaldkeri tvö málverk  
en eina myndröð  
gáfum við hæfingarstöðinni bjarkarási

og nú kem ég að tilefninu  
ástæðunni fyrir að ég skrifa blaðinu þetta bréf  
fyrir hönd okkar afabarnanna  
afkomenda aðalsteins bergmanns í peningunum

eins og áður sagði  
vakti ekkert fyrir okkur með sýningarhaldinu  
annað en góðvild  
að leyfa fólki að njóta handverks a. bergmann

það var því reiðarslag  
að lesa „gagnrýni“ „gagnrýnanda“ blaðsins  
fyrir nokkrum dögum  
og íhuga nú margir að segja upp áskriftinni

í þessari „gagnrýni“  
var ævistarf alla afa míns á listasviðinu svívirt  
það sagt ófrumlegt  
og heitið „esjumálari“ notað á neikvæðan hátt

(það er staðreynd að  
enginn sem var á sýningunni man til þess  
að „gagnrýnandinn“  
hafi sést þar - og ljósmyndir staðfesta það)

þegar mér var runnin reiðin  
ákvað ég að skoða sýninguna hlutlaust  
ég þóttist vera gagnrýnandi  
og gekk um salinn eins og þeir gera

í fyrstu sá ég ekkert  
nema myndir af esjunni á ýmsum tímum  
en þekkjandi alla afa  
vissi ég að eitthvað meira lá að baki þeim

ég grandskoðaði verkin  
handbragðið og áferðina og litanotkunina  
og var við að gefast upp  
þegar ég allt í einu tók eftir dagsetningunum

allar myndir afa míns  
af esjunni um vetur voru málaðar á sumri  
hvert einasta málverk  
af esjunni á vori sannarlega gert um haust

aðalsteinn bergmann  
afi minn eða allí í peningunum sneri semsagt  
á hálærðan manninn  
sem ekki sá við snilldarbragði „esjumálarans“

í ljósi þessa förum við  
fram á afsökun á besta stað í blaðinu  
en „gagnrýnandanum“  
bendum við á að hugsa vel sinn gang

aðalsteinn bergmann, málarameistari





**BIRGIR SNÆBJÖRN BIRGISSON**

**PILTUR OG STÚLKA Á BÆÐVOGUM / BOY AND A GIRL ON BATHSCALES, 2000**  
Olía á striga / Oil on canvas, 160 x 130 cm





**PILTUR OG STÚLKA Í ANDAGLASI / BOY AND A GIRL AT A OUIJA BOARD, 2000**  
Olía á striga / Oil on canvas, 130 x 160 cm



DADI GUDBJÖRNSSON

MORGUNBLÓMIÐ / THE MORNING FLOWER, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 70 x 80 cm



**MÁLARAHVÍTT / PAINTER'S WHITE, 2000**  
Olía á stríga / Oil on canvas, 80 x 110 cm



**NAFNLAUS / UNTITLED, 2000**  
**Olía á striga / Oil on canvas, 50 x 70 cm**





EGGERT PÉTURSSON

NAFNLAUS / UNTITLED, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 50 x 70 cm



GEORG GUÐNI HAUKSSON

ÁN TITILS / UNTITLED, 1999  
Olía á striga / Oil on canvas, 52 x 50 cm





ÁN TITILS / UNTITLED, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 165 x 175 cm



HALLGRÍMUR HELGASON

KÓR / CHOIR, 2000  
Olía á stríga / Oil on canvas, 410 x 250 cm





HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON

Á MILLI / BETWEEN, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 50 x 50 cm



**FISKAR SJÁVARINS / FISH OF THE SEA, 2000**  
Olía á striga / Oil on canvas, 160 x 300 cm





INGA ÞÓREY JÓHANNSDÓTTIR

**50% PLÚS – 50% MÍNUS / PLUS 50% – MINUS 50% , 2000**  
Málverk / Painting: olía á striga / oil on canvas, 25 x 30 cm  
Skúlpúr /Sculpture: málað MDF, sjóngler á plexigleri, rafmagnsljós / painted  
MDF, eyeglasses on perspex, electrical light, 25 x 30 x 100 cm





Hiuti / Detail



JÓHANN L. TORFASON

ÁN TITILS / UNTITLED, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 110 x 100 cm



ÁN TITILS / UNTITLED, 1998  
Olía á striga / Oil on canvas, 200 x 145 cm



JÓN BERGMANN KJARTANSSON RANSU

Listamaðurinn að störfum / The Artist at Work



ÁN TITILS (ABSTRAKT) / UNTITLED (ABSTRACTION), 2000  
Akryl á striga / Acrylic on canvas, 110 x 110 cm





KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR

NÆTURVERÐIRNIR / THE NIGHT WATCHERS, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 204 x 180 cm





**HVÍTI HESTURINN / THE WHITE HORSE, 2000,**  
Olía á striga / Oil on canvas, 210 x 165 cm




SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

KLEPPSVEGUR / KLEPPSVEGUR ROAD, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 130 x 110 cm.




**BLOKK Í BREIÐHOLTI / APARTMENT BUILDING IN BREIÐHOLT**  
Olía á striga / Oil on canvas, 130 x 110 cm.



**SIGTRYGGUR BJARNI BALDVINSSON**

**Í KRINGUM SUNDLAUGARBLÁTT / AROUND POOL BLUE, 2000**  
Olífa á striga / Oil on canvas, 220 x 190 cm




**KRASS Á GRÁUM RÖNDUM / SCRIBBLE ON GRAY STRIPES, 2000**  
Olía á striga / Oil on canvas, 220 x 190 cm





SIGURÐUR ÁRNI SIGURÐSSON

GARÐURINN HANS RENÉ / RENÉ'S GARDEN, 1999  
Olía á striga / Oil on canvas, 81 x 100 cm




**SAMHENGI / COHERENCE, 2000**  
Olía á striga / Oil on canvas, 200 x 220 cm



ÞORRI HRINGSSON

BLAUT KONA I / WET WOMAN I, 2000  
Olía á striga / Oil on canvas, 120 x 100 cm



**BLAUT KONA III / WET WOMAN III, 2000**  
**Olía á striga / Olía á striga, 120 x 100 cm**





Eiríkur Þorláksson,  
Director

## Painting is Dead – or What?

*"Painting comprises three principal parts, which we say are drawing, proportion, and colouring."*

*Piero della Francesca, De Prospectiva Pigendi (c. 1480-90)*

The technical definition of a painting can be simple: that it is found in the interrelations between lines, forms and colours. But that is not even half the story, because artists have through the centuries conjured up magical masterpieces from this simple material. Paintings have marked the development of whole cultures, and have often been the one of the most quoted evidence of the best and the noblest ever created by mankind.

How can this be? Painting is by its nature a falsification of reality, an uneven copy of nature or the visualization of fantasy, where an image is created, which more often than not has no foundation in the material world outside the surface that it appears on. What is so important about copies, fakes and hallucinations?

The value of the painting has been the subject of thick volumes through the ages, both written by those that are enthralled by it and by those that think that the painting is an outdated art form, but this discussion grew as the 20th century progressed. The balance of praise and disapproval has swung in both directions, even so that it is possible to survey the progress of art during the century from the esteem that painting has held in at a given time.

Those who paint think it is necessary for them. Jackson Pollock said in an interview shortly before his death in 1956: *"Painting is self-discovery. Every good painter paints what he is."*<sup>1</sup>

Others have been less impressed. Marcel Duchamp, who quit painting himself in 1918 but is still considered one of the most remarkable visual artists of the 20th century, simply maintained that painters were seeking *"Turpentine intoxication."*<sup>2</sup> Even the painters themselves have their occasional doubts; Francis Bacon, one of the most prominent painters of Britain in the century was quoted in an interview saying that painting was *"... an old man's occupation."*<sup>3</sup>

In Iceland painting had a very strong following for most of the 20th century, and in

fact the visual arts of the nations have been defined through it. The beginning was in painting (in the works of Þórarinn B. Þorláksson), and no less what followed (with Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson and Jóhannes S. Kjarval). The next generations of artists consisted for the most part of painters, although a few sculptors also came on the scene and clearly played a certain role in the development of the visual arts in Iceland.

Painting was nonetheless the dominant medium for the visual arts in the country far into the second half of the century. Even when international modernism finally took root in Iceland in the fifties and revolutionized art it was first and foremost through abstract painting, which in turn was the main force on the art scene for a long time.

With the next revolution in the visual arts in Iceland in the second half of the sixties new attitudes came to the fore. With new people came new ways of communication, new expression and a new freedom, that artists made lavish use of. Conceptual art, Fluxus, Arte Povera - the movements were of different kinds. Performances, installations, happenings, ready-mades, body art, land art, sculpture - the artistic vision was expressed with greater variation than ever before.

Painting was not among the media that prospered in art during this period. On the contrary, it was cited as an example of the traditional and outdated, and in many ways made the target of criticism by the new art movements. Again and again you could hear the following during the seventies, often expressed with gusto: "Painting is dead!" - This proclamation has been made regularly ever since, voiced by different parties under different circumstances.

It is worth noting that art schools generally reflect what is happening in the arts at that same time. Therefore it is natural to assume that from this time on the curriculum in such schools reflected to a great degree this new spirit, opposing painting and championing new media in its place. Such a development is natural and indeed necessary. The King is dead, long live the King - the eternal revolution is the premise for vital rejuvenation, also within the art schools.

It is a characteristic of the new at any given time to reject what is there before, and during this period painting was therefore an obvious target for the uprising, that naturally took place. The reason was twofold - and split: On the one hand a sincere belief in new mediums, that the person involved thought could completely replace painting - and on the other hand a nagging suspicion that painting would retain its stand in spite of all the opposition, so you might as well renounce it forcefully.

When reviewing the last three decades of the 20th century it becomes apparent that

this suspicion has been proven right. In spite of all the adversity painting experienced it was always clear that it would remain an active medium in the visual arts. Painting is simply too strong a medium to disappear, as it creates *"the bridge between the mind of the painter and that of the spectator,"*<sup>4</sup> to use the words of Eugène Delacroix.

In the seventies painting blossomed with renewed vitality through the works of a group of younger artists (Gunnar Örn Gunnarsson, Einar Hákonarson, Magnús Kjartansson, Sigurður Örylgsson and others). Older artists also kept faith with the medium as their works continued to evolve through painting.

With the "New Painting" in the beginning of the eighties still another group of young painters emerged. Among these are many that have been in the forefront of painting in Iceland ever since, artists such as Helgi Þorgils Friðjónsson, Daði Guðbjörnsson, Jón Axel Björnsson and Jón Óskar Hafsteinsson.

In the final decade of the century still more joined the group of painters, in spite of the fact that adversity towards painting still existed. The eternal revolution has made painting an art medium to be reckoned with again, perhaps on a premise and with a way of expression, that would have surprised painters a few decades ago.

Painting is therefore far from dead – or what?

Now a group of painters has appeared on the scene, that goes by the colourful name "The Golden brush", and their first group exhibition is now taking place in the Reykjavík Art Museum - Kjarvalsstaðir. This group is in some ways different from other artists' groups that have come before it, but the relationship is clear in other fields.

– The group consists of fourteen artists. These are Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Hallgrímur Helgason, Helgi Þorgils Friðjónsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Jóhann L. Torfason, Jón Bergmann Kjartansson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson and Þorri Hringsson.

– All of these artists are children of the Republic, but the oldest is still under fifty (b. 1953) and the youngest is almost the same age as Icelandic television (b. 1967). Therefore it can be expected that members of this group will be active on the art scene well into the 21st century.

– These artists all studied art during a period when Conceptual art and a mixture of media in the visual arts was the mainstay of the curriculum at most art schools in



Europe. Still they express themselves first and foremost in painting, and especially in a visual language based in reality in one form or another – in complete opposition to what could be expected judging from the studies that they base their art on.

Painting is therefore far from dead, and its renewed strength and creativity at the beginning of the 21st century can even be seen as a certain but natural uprising against the kind of art that has been most prominent during the last decades. This latest revolution has, however, come about very quietly, without any major declarations of any kind.

Such declarations will not be written here – that is a project for later. Now is the time to enjoy painting as it comes from the hands of the members of “The Golden Paintbrush”, and to remember the words of Jackson Pollock: “*Painting is a way of being.*”<sup>5</sup>

#### References:

- 1) O'Connor: *Jackson Pollock*, 1967
- 2) Richter: *Dada: art and anti-art*, 1964
- 3) *The Observer*, 1985
- 4) *Journal*, 1850
- 5) Interview with Selden Rodman, 1956

## A Letter to the Editor

most people know of my grandfather  
aðalsteinn bergmann or allí the money  
as he was called  
by his colleagues at the city treasury

he was popular at work  
and the employees' association gave him its gold medal  
at the end of his long career  
of successfully serving the citizens

when granddad allí died this summer  
the idea arose among us grandchildren  
of honouring his memory  
and the other day we held an exhibition of paintings

all the works were by him  
since granddad allí left hundreds of paintings in the attic  
where he devoted himself to art  
in his spare time from his duties for the city

in the minds of us all  
the memory lives on of granddad in his painter's smock  
with a palette and brush  
on a box with his head out through the skylight

from there he could see the mountain  
which has a special place in the hearts of people from reykjavík  
his only subject  
mt. esja itself in all its diversity

nothing else impressed my grandfather  
and more than three hundred works went on show  
in oil watercolour india ink  
plus pencil sketches and one charcoal drawing



the day arrived  
visitors turned up from all around the capital  
young and old alike  
including three ex-mayors

eight works were sold  
and the city treasury bought two paintings  
while we donated  
one series to bjarkarás rehabilitation centre

and now i come to the point  
the reason i'm writing the editor this letter  
on behalf of us grandchildren  
the descendants of aðalsteinn bergmann the money

as i said before  
we had no other motives in holding the exhibition  
apart from goodwill  
allowing people to enjoy the craftsmanship of a. bergmann

so it was traumatic  
to read the "criticism" by the paper's "critic"  
a few days ago  
and many of us are thinking of cancelling our subscriptions

in this "criticism"  
my grandfather's life-s work in art was abused  
it was called unoriginal  
and the term "painter of mt. esja" used disparagingly

(it's a fact that  
no one who went to the exhibition recalls  
the "critic"  
being seen there - and photographs confirm it)

when my anger abated  
i decided to view the exhibition impartially  
i pretended to be a critic  
and strolled around the gallery like they do

at first i saw nothing  
but pictures of esja from various times  
but knowing granddad alli  
i was certain something more was behind them

i scrutinized the works  
the craftsmanship and texture and coloration  
and was on the point of giving up  
when i suddenly noticed the dates

all my grandfather's pictures  
of esja in winter were painted in summer  
every single painting  
of esja in spring was definitely made in autumn

aðalsteinn bergmann  
my grandfather or alli the money outwitted you see  
that learned scholar  
who didn't realize the master stroke by the "painter of mt. esja"

in light of this we demand  
an apology printed prominently in the paper  
while we advise the "critic"  
to watch his step more closely

aðalsteinn bergmann, master painter



## **Þátttakendur / Participants:**

### **Birgir Snæbjörn Birgisson**

Fæddur á Akureyri 1966. Stundaði nám við École des Arts Décoratifs, Strasbourg, Frakklandi, fjöltækni-deild 1991 til 1993, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, graffík-deild 1986 til 1989 og við Myndlistaskólann á Akureyri 1985 til 1986. Hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Born in Akureyri, north Iceland, in 1966. Studied at École des Arts Décoratifs, Strasbourg (multimedia) 1991-1993, the Icelandic College of Art and Crafts (graphic art) 1986-1989 and Akureyri College of Art 1985-1986. Has held solo exhibitions and taken part in many joint exhibitions both in Iceland and overseas.

### **Daði Guðbjörnsson**

Daði er fæddur í Reykjavík 1954. Stundaði nám í Myndlistarskólanum í Reykjavík og við Ríkisakademiuna í Amsterdam 1969 til 1976. Hefur haldið fjölda einka- og samsýninga á Íslandi og einnig sýnt erlendis.

Born in Reykjavík in 1954. Studied at Reykjavík College of Art and the State Academy, Amsterdam 1969-1976. Has held a large number of solo and joint exhibitions in Iceland and also shown his works in other countries

### **Eggert Pétursson**

Fæddur í Reykjavík 1956. Stundaði nám við Myndlistarskóla Reykjavíkur 1974 til 1976, Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1976 til 1979 og við Jan van Eyck Academie, Maastricht í Hollandi 1979 til 1981. Hefur haldið einkasýningar heima og erlendis og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Born in Reykjavík in 1956. Studied at Reykjavík College of Art 1974-1976, the Icelandic College of Art and Crafts 1976-1979 and the Jan van Eyck Academie, Maastricht 1979-1981. Solo exhibitions in Iceland and abroad as well as many joint exhibitions

## **Georg Guðni Hauksson**

Fæddur árið 1961. Býr í Reykjavík.

Listnám á Íslandi og í Hollandi.

Hefur sýnt hér og þar og alls staðar.

Born 1961. Lives in Reykjavík.

Studied art in Iceland and in The Netherlands.

Has held exhibitions here and there and everywhere.

## **Hallgrímur Helgason**

(fæddur 1959) er myndlistarmaður og rithöfundur búsettur í Reykjavík. Eftir hann liggja þrjár skáldsögur, eitt ljóðasafn, tvö leikrit, tveir einþáttungar, tvö kvikmyndahandrit og sextán hundruð myndverk af ýmsu tagi. Af þeim eru fjögur í eigu safna.

Born in 1959. Visual artist and writer living in Reykjavík. Has written three novels, one collection of poetry, two plays, two one-act plays and two film scripts, and produced sixteen hundred artworks of various kinds. Four of them are in public art collections

## **Helgi Þorgils Friðjónsson**

Fæddur í Búðardal, Dalasýslu árið 1953. Stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1971 til 1976, De Vrije Academie, Haag, Hollandi 1976 til 1977 og við Jan van Eyck Academie, Maastricht í Hollandi 1977 til 1979. Helgi hefur haldið mikinn fjölda einka- og samsýninga heima og erlendis. Verk eftir Helga Þorgils eru í eigu helstu safna á Íslandi.

Born in Búðardalur, west Iceland, in 1953. Studied at the Icelandic College of Art and Crafts 1971-1976, De Vrije Academie, the Hague 1976-1977 and the Jan van Eyck Academie, Maastricht 1977-1979. Has held a large number of solo and joint exhibitions both in Iceland and other countries.

## **Inga Þórey Jóhannsdóttir**

Fædd í Keflavík 1966. Var í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, fjöltæknideild 1984 til 1988 og Hochschule fuer Angewandte Kunst í Vínarborg 1988 til 1989. Inga hefur haldið sjö einkasýningar og sýnt með öðrum hér heima og erlendis.



Born in Keflavík, southwest Iceland, in 1966. Studied at the Icelandic College of Art and Crafts (multimedia) 1984-1988 and Hochschule für Angewandte Kunst, Vienna 1988-1989. She has held seven solo exhibitions and taken part in joint exhibitions in Iceland and abroad.

### **Jóhann Ludwig Torfason**

Fæddur í Reykjavík 1965. Stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík 1985-90. Dvaldi í eitt ár á Spáni. Helstu sýningar; Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn 2001, Veitingahúsið 22, Reykjavík, 1998, Gallerí Greip, Rvk. 1996, Við Hamarinn, Hafnarfirði 1995. Þátttaka í fjölmörgum samsýningum heima og erlendis. Í ritstjórn listatímaritsins Andblæs frá 2000 og myndasögublaðsins GISP! frá 1990.

Born in Reykjavík in 1965. Studied at the Icelandic College of Art and Crafts and Reykjavík College of Art 1985-90. Live in Spain for a year. Main exhibitions: Kópavogur Art Museum - Gerðarsafn 2001, Veitingahúsið 22, Reykjavík 1998, Gallerí Greip, Reykjavík 1996, Við Hamarinn, Hafnarfjörður 1995. Participant in many joint exhibitions in Iceland and overseas. On the editorial boards of Andblær art magazine since 2000 and GISP! cartoon magazine since 1990.

### **Jón Bergmann Kjartansson Ransu**

Fæddur í Reykjavík 1967. Stundaði nám við AKI, Enschede, Hollandi 1990 til 1995 og NCAD, Dublin, Írlandi 1995. Hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum í Hollandi, Englandi, Þýskalandi og á Íslandi.

Born in Reykjavík in 1967. Studied at AKI, Enschede 1990-1995 and NCAD, Dublin 1995. Solo and joint exhibitions in the Netherlands, England, Germany and Iceland.

### **Kristín Gunnlaugsdóttir**

Fædd á Akureyri 1963. Hún lauk námi frá Myndlista og handíðaskóla Íslands 1987 og fimm ára námi við Ríkisakademíuna í Flórens, Ítalíu 1993. Verk sín vinnur hún aðallega í olíu á striga en einnig með tækni miðalda, blaðgulli og eggtemperu á tré, sem og gerð íkóna sem hún lærði í klaustri á Ítalíu. Kristín hefur haldið sjö einkasýningar á Íslandi og tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis. Born in Akureyri, north Iceland, in 1963. Graduated from the Icelandic College of Art and Crafts in 1987 and a five-year course at the State Academy in Florence in 1993. Mainly

works in oil on canvas but also with medieval media using gold foil and tempera on wood, and icon-making which she studied in a convent in Italy. Has held seven solo exhibitions in Iceland and taken part in many joint exhibitions in Iceland and overseas.

### **Sigríður Ólafsdóttir**

Sigríður Ólafsdóttir fædd 1965 í Reykjavík. Útskrifaðist úr Fjöltæknideild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1989 og fór í framhaldsnám við Fagurlistaskólann í Lyon í Frakklandi. Hefur haldið fjórar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga og uppákoma í gegnum tíðina

Born 1965 in Reykjavík. Graduated from the Icelandic College of Art and Crafts (multimedial) and two years in Ecole des Beaux Arts de Lyon, France. Has held four solo exhibitions and taken part in many joint exhibitions and events.

### **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson**

Fæddur á Akureyri 1966. Stundaði nám við málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987 til 1990 og École des Arts Décoratifs í Strasbourg, Frakklandi 1991 til 1994. Hefur haldið átta einkasýningar á Akureyri, í Reykjavík, Hafnarfirði, Brussel og Strasbourg og tekið þátt í samsýningum m.a. í Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands, Gerðubergi og í Listasafninu á Akureyri.

Born in Akureyri, north Iceland, in 1966. Studied at the Icelandic College of Art and Crafts (painting) 1987-1990 and École des Arts Décoratifs, Strasbourg 1991- 1994. Has held eight solo exhibitions in Akureyri, Reykjavík, Hafnarfjörður, Brussels and Strasbourg, and taken part in joint exhibitions including Reykjavík Art Museum, the National Gallery of Iceland, Gerðuberg Culture Centre and Akureyri Art Museum.

### **Sigurður Árni Sigurðsson**

Fæddur á Akureyri árið 1963. Býr og starfar í Reykjavík og í París. Stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri 1983 til 1984, Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1984 til 1987, École Nationale d'Art de Cergy - Pontoise, Frakklandi 1987 til 1990 og Institut des Hautes Études en Arts Plastiques, París, 1990 til 1991. Hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum heima og erlendis. Verk eftir Sigurð Árna eru í eigu allra helstu safna á Íslandi og í söfnum í Frakklandi og Sviss.

Born in Akureyri, north Iceland. Lives and works in Reykjavík, Iceland and Paris, France. Studied at the Akureyri College of Art 1983-1984, Icelandic College of Art and Crafts 1984-

1987, École Nationale d'Art de Cergy - Pontoise, France 1987-1990 and Institut des Hautes Études en Arts Plastiques, Paris, 1990-1991. Has held numerous solo exhibitions and participated in many joint exhibitions in Iceland as well as internationally. His works are in the collections of all the major museums in Iceland and museums in France and Switzerland.

## **Þorri Hringsson**

Fæddur í Reykjavík 1966. Stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1985 til 1989 og við Jan van Eyck Academie, Maastricht, Hollandi 1989 til 1991. Hefur haldið fimmtán einkasýningar frá 1989 og tekið þátt í tuttuguogfimm samsýningum frá 1987. Kennari í Myndlistarskóla Reykjavíkur frá 1993. Deildarstjóri málaradeildar og í stjórn Myndlistarskóla Reykjavíkur frá 1999. Margvísleg útgáfa, myndskreytingar og önnur listræn starfsemi.

Born in Reykjavík in 1966. Studied at the Icelandic College of Art and Crafts 1985-1989 and Jan van Eyck Academie, Maastricht 1989-1991. Has held 15 solo exhibitions since 1989 and taken part in 25 joint exhibitions since 1987. Teacher at Reykjavík College of Art since 1993. Head of painting department and board member there since 1999. Widely involved in publishing, illustration and other artistic activity



Menningarmálanefnd Reykjavíkur / *The Cultural Committee of the City of Reykjavík*

Guðrún Jónsdóttir, formaður / *chair*

Anna Geirsdóttir

Örnólfur Thorsson

Eyþór Arnalds

Júlíus Vífill Ingvarsson

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / *Director of Reykjavík Art Museum*

Eiríkur Þorláksson

Þýðing / *Translation*

Bernard Scudder

Eiríkur Þorláksson

„Bréf til blaðsins“ © Sjón /

„A letter to the editor“ © Sjón

Hönnun sýningarskrár / *Catalogue Design*

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár / *Catalogue Production*

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla / *Colour separation and montage*

Grafík h.f.

Prentun og bókbönd / *Printing and bookbinding*

Grafík h.f.



© LISTASAFN REYKJAVÍKUR, 2001

ISBN 9979-769-00-9



ISBN 9979-769-00-9



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR

REYKJAVIK ART MUSEUM – KJARVALSSTAÐIR

JANÚAR – MARS 2001